

Samiðn




Á að segja upp kjarasamningum vegna forsendubrests?

Sambandsstjórn Samiðnar fundaði í lok nóvember um kjarasamninga Samiðnar og horfurnar framundan. Almenn óánægja var með hvernig forsendur samningsins hafa þróast. Voru fundarmenn á því að rétt væri að reyna að berja í brestina.

- Það er ljóst að forsendur núverandi kjarasamnings eru brostnar. Verðbólgan hefur ekki haldist innan þeirra marka sem gert var ráð fyrir. Gengi krónunnar hefur ekki staðið undir væntingum. Verst er þó að stjórnvöld hafa ekki staðið að fullu við sinn hluta samningsins, sagði Finnbjörn Hermannsson formaður Samiðnar þegar hann setti sambandsstjórnarfund Samiðnar í lok nóvember. Þar var farið yfir stöðu kjaramála

nú þegar senn lóður að því að hægt verði að segja upp núverandi kjarasamningi. Fundinn sóttu trúnaðarmenn Samiðnar víðs vegar af landinu.

- Við stöndum frammi fyrir þeirri spurningu hvort það þjónar hagsmunum launafólks að segja upp samningunum eða reyna að berja í brestina, og tryggja þar með að launahækkanir sem eiga að koma til útgreiðslu 1. febrúar skili sér... [Sjá alla grein](#)



ASÍ-UNG í heimsókn

Fulltrúar frá Samtökum ungs launafólks innan

Alþýðusambands Íslands ([ASÍ-UNG](#)) áttu nýverið fund með

framkvæmdastjórn Samiðnar og

kynntu starf samtakanna og helstu

áherslur en mörg aðildarfélaga

Samiðnar eiga fulltrúa í stjórn

[ASÍ-UNG](#).

Á fundinum var rætt um stöðu

ungs fólks á vinnumarkaði og


innan stéttarfélaganna og áhuga

pess almennt á

verkalýðshreyfingunni og störfum

innan hennar...

[Sjá alla grein](#)



Desemberuppbótin

Desemberuppbótin á almennum

markaði, að meðtoldu orlofi, er kr.

50.500 og skal greiðast í síðasta

lagi 15.desember miðað við

starfshlutfall og starfstíma.

Starfsmenn sem verið hafa

samfellt í starfi hjá atvinnurekanda

í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum

eða eru í starfi 1.desember eiga

rétt á desemberuppbót.

Starfsmenn í ákvæðisvinnu fá


greidda desemberuppbót líkt og

aðrir. Sá tími sem starfsmáður er í

fæðinarorlofi telst sem starfstími

við útreikning...

[Sjá alla grein](#)



Vinnustaðaskírteini

Margrét Jónsdóttir

Starfsmaður

Kt. 123123-1231

Hreinsun og þrif ehf

Svannahöfða 12, 112 Reykjavík

kt. 123123-1231

Staðall fyrir Vinnustaðaskírteini

Gefinn hefur verið út staðall fyrir

útgáfu vinnustaðaskírteina en í

staðlinum er kveðið á um hvað

skírteinin verða að uppfylla til að

teljast gild. Skírteinin skulu

frameidd úr hörðu efni og skal

koma fram á þeim starfsheti. Í

samkomulagi ASÍ og SA um

vinnustaðaskírteini er kveðið á um


að þemur mánuðum eftir útgáfu

staðalsins skulu öll ný skírteinin

gefin út í samræmi við hann og er

miðað við áramótin 2012-13...


[Sjá alla grein](#)



Kjaramálaráðstefna 23.11. 2012.

- Yngvi Örn Kristinsson, hagfr. Seðlabankans

Til að skoða þetta myndband og mörg önnur... [Smelltu hér!](#)



Kjaramálaráðstefna 23.11. 2012.

- Ólafur Darri Andrason, hagfr. ASÍ

Til að skoða þetta myndband og mörg önnur... [Smelltu hér!](#)



Samiðn óskar félagsmönnum sínum og landsmönnum

öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Að

pessu sinni styrktum við jólasöfnun [Rauða krossins](#) í

stað þess að senda jólakort.